



Kennsluáætlun

Áfangi:	DANS2LH
Kennari:	Tinna Ólafsdóttir
Önn:	Haust 2021
Áætlun unnin:	Haust 2021

Markmið:

Þekkingarmarkmið:

Að nemendur hafi aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grundvallaruppbyggingu þjóðfélaga þar sem tungumálið er notað sem móðurmál eða fyrsta mál
- ólíkum viðhorfum og gildum og hvernig þau móta menninguna í þeim löndum þar sem tungumálið er notað og geti tengt þau eigin samfélagi og menningu
- orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins, þ.m.t. orðasamböndum og þverfaglegum orðaforða
- notkun tungumálsins til að mæti hæfniviðmiðum þrepsins bæði munnlega og skriflega

Lestur

- mismunandi lestraraðferðum, þ.e. leitarlestri, yfirlitslestri, hraðlestri og nákvæmnislestri
- ritmáls- og talmálstextum sem fjalla um nokkuð sérhæft efni, t.d. fréttir og fréttatengt efni í dagblöðum, blaða- og tímaritsgreinar og textar úr alfræðibókum
- almennum bókmenntatextum
- einföldum textum á norsku og sænsku

Hlustun

- ríkisdönsku og skilji talað mál um þekkt efni, t.d. ýmis dægurmál eða reynslu í daglegu lífi, einnig með mismunandi hreim
- töluðu máli um myndefni, t.d. í fréttum, kvikmyndum, samtalsþáttum og öðrum þáttum um þekkt efni
- megininntaki orðræðu þegar fjallað er um nokkuð sérhæft efni sem hann þekkir vel og/eða hefur áhuga á, t.d. í fyrirlestrum, kvikmyndum, útvarpsþáttum eða sjónvarpi



Ritun

- reglum um uppbyggingu texta

Málfræði

- þolmynd sagna
- fornöfnum
- algengum atviksorðum
- forsetningum í algengum orðasamböndum
- helstu samtengingum
- rétttri orðaröð
- ákveðnum og óákveðnum greini

Leiknimarkmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja mál sem talað er með mismunandi hreim og við mismunandi aðstæður sem og skilja algengustu orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talað mál
- lestri margs konar gerða af textum og beita þeim lestraraðferðum sem við eiga eftir því hvernar gerðar textinn er
- að taka virkan þátt í samskiptum á viðeigandi hátt og beita málfari við hæfi
- að tjá sig skýrt og hnökralaust um málefni sem hann hefur kynnt sér og undirbúið
- að skrifa margs konar texta, formlega og óformlega, og fylgja helstu rithefðum og reglum um málbeitingu

Hæfnimarkmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja daglegt mál, svo sem samræður og fjölmiðlaefni, hvort sem hann þekkir umræðuefnið eða ekki
- skilja án vandkvæða megininntak erinda og rökræðna, jafnvel um tiltölulega flókið efni, ef hann þekkir vel til þess
- tileinka sér efni ritaðs texta og hagnýta á mismunandi hátt
- lesa texta þar sem ákveðin viðhorf eða skoðanir eru kynnt, átta sig á tilgangi og afstöðu textahöfundar og bregðast við eða tjá skoðanir sínar munnlega eða skriflega um efni þeirra
- lesa á milli línanna, átta sig á dýpri merkingu í texta
- leysa ýmis mál sem upp koma í samskiptum og haga orðum sínum í samræmi við aðstæður
- taka þátt í skoðanaskiptum, færa rök fyrir máli sínu og svara mótbárum og gagnrökum á viðeigandi hátt
- eiga frumkvæði í samræðum og bregðast við óvæntum spurningum og athugasemdum



- tjá sig á skýran og áheyrilegan hátt og beita tungumálinu af tiltölulega mikilli nákvæmni við margs konar aðstæður
- geta útskýrt sjónarmið varðandi efni sem er ofarlega á baugi og rakið ólík sjónarmið með og á móti
- skrifa læsilegan texta um sérvalið efni frá eigin brjosti þar sem hugmyndaflug getur fengið að njóta sín
- skrifa margs konar texta og fylgja þeim ritunarhefðum sem eiga við í hverju tilviki fyrir sig.

sem metið er með:

Leiðsagnarmati

Námsefni:

Glimt, vefefni, myndbandsverkefni o.fl.

Námsmat:

Lokaverkefni (%)

Afsluttende opgave / lokaverkefni

20%

Almenn verkefni (%)

Almenn verkefni

80%

- Intro (5%)
- Video opgaver (15%)
- Glimt: Opgaver, arbejdsbog og gloser (60%)
- Internet: Nyheder (5%)
- Canva opgaver (15%)

Skipulag náms:

Námstilhögun:

- Gert er ráð fyrir að nemendur lesi texta heima, glöggvi sig á merkingu orða og vinni létt lesskilningsverkefni. Í tímum eru flóknari verkefni unnin, stundum í þörum og hópum. Stærri verkefnum er skilað til leiðsagnarmats fyrir lokaskil. Áhersla verður lögð á lesskilning og orðaforða sem og að nemendur tjái sig á danskri tungu og æfi sig að hlusta og skilja málið.

Um skilafrest og vanskil:

- Nemandi í framhaldsskóla ber ábyrgð á eigin námi. Ákveðinn skiladagur er gefinn upp á öllum verkefnum. Það er því mjög mikilvægt að mæta í tíma og skila öllum verkefnum á réttum tíma.



Áætluð yfirferð:		
Vikur	Efni	Skil á verkefnum
36. vika 3. – 10. sept	Kynning á námsefni og kennsluáætlun.	Kynning, ritun, 70 orð
37. vika 10. – 17. sept	Glimt	Verkefni
38. vika 17. – 24. sept Námsmatsdagur 24. sept	Glimt	Verkefni
39. vika 24. sept – 1. okt Námsmatsdagur 27. sept	Málnotkun	Verkefni
40. vika 1. – 8. okt	Glimt	Verkefni
41. vika 8. – 15. okt	Glimt	Verkefni
42. vika 15. – 22. okt	Myndbandsverkefni	Verkefni
43. vika 22. – 29. okt	Glimt	Verkefni
44. vika 29. okt – 5. nóv Námsmatsdagur 5. nóv	Canva	Verkefni
45. vika 5. – 12. nóv Námsmatsdagur 8. nóv	Málnotkun	Verkefni
46. vika 12. – 19. nóv	Glimt	Verkefni
47. vika 19. – 26. nóv	Canva	Verkefni
48. vika 26. nóv – 3. des	Lokaverkefni	undirbúningur



49. vika 3. – 10. des Framhaldsd. 6. – 9. des	Verkefnadagar / lokaverkefni	Lokaverkefni
50. vika 13. – 20. des	Námsmatsdagar Útskrift 18. desember	

Birt með fyrirvara um breytingar,

Tinna Ólafsdóttir